

Stjórnarfundur í TSÍ haldinn þann 4. Júní 2009

Mættir: Skjöldur, Raj, Ingólfur, Andri, Jónas og Gunnar

Rætt var Íslandsmótið sem er í næstu viku. Skráning gengur hægt, kannski sökum árstíma og einnig þess að það hefði mátt auglýsa mótið fyrr. Menn voru þó sammála um að allt væri á áætlun og þetta verði ábyggilega fínt mót. Vellirnir eru góðir og vel lítur út með dómgæslu. Alla vega er góð þátttaka í dómarateyminu. Þess ber þó að geta að mótið hefur ekki áður verið haldið á þessum árstíma og eftir að koma í ljós hvernig til tekst.

Þá voru ræddar fyrirhugaðar æfingar tvisvar í sumar hjá okkar besta fólki. Gunnar sagði frá tilurð þessara æfinga sem er að okkar landsliðsfólk hefur ekki haft neinar fastar æfingar á sumrin og það hljóti að vera metnaður TSÍ að halda hópnum saman eins og hægt er og hafa markvissar æfingar. Vissulega séu mikil fjarvera á sumrin en það mun koma í ljós hvernig þau mál þróast. Æfingar verða á mánudögum kl. 18.00 og miðvikudögum kl. 20.00. Fyrsta æfingin er fyrirhuguð næsta mánudag þann 8. júní. Þeir sem boðaðir verða eru 6-7 bestu karlarnir, 4 bestu stúlkurnar og 4 unglingar. Þeir fullorðnu munu ganga fyrir ef mæting verður góð og spila þeir bestu saman eftir því sem hægt er. Raj mun boða fólk á fyrstu æfinguna en ekki var tekin afstaða um hvort það verður þjálfari eða ekki. Andri nefndi að nauðsynlegt væri að hafa alla vega leiðbeinanda á æfingunum. Eftir er að taka ákvörðun um það mál.

Raj var spurður í hvað styrkur Rafns Kumars að andvirði 100.000 kr.- sem hann fékk úr sjóði ungra og efnilegra færi í. Raj sagði að hann væri notaður til að keppa erlendis og einnig væri Rafn Kumar búinn að greiða fyrir þjálfun. Hann gæti ekki tekið að sér að þjálfa aðra fyrir laun á meðan hann er að þjálfa son sinn.

Jónas ítrekaði það sem fram kom á ársþingi TSÍ að ríkulega verði stutt við Evrópumótin sem haldin verða á Íslandi í sumar. Upphæðin er 130.000 kr.- á hvort mót. Stjórnarmenn tóku mjög jákvætt í það en ekki var tekin endanleg ákvörðun þar sem það vantaði tvo í stjórn á þennan fund.

Ræddar voru reglur almennt í mótum; hversu mörg sett skulu spiluð, leikboltar o.fl. Menn vilja hafa best af þremur sett í öllum mótum. Alla vega hjá meistaraflokkum og eldri flokkum. Ekki var tekin formleg afstaða um málið. Skoða þarf betur síðar.

Ingólfur lagði til að Rakel yrði greitt helming af greiðslum fyrir heimasíðuna og var það samþykkt. Hann lagði einnig til að mótsgjöld í tennismótum verði hækkuð um 100-200 kr.- fyrir hvern flokk. Menn tóku vel í það en málið þarf að skoða betur.

Ingólfi finnst halla á stúlkurnar m.v. karlana í ísl. tennisheimi. Andri nefndi að nota mætti peningana betur, t.d. sleppa Fed Cup og fara frekar í minni keppnir og æfingabúðir þar sem fást fleiri leikir og meiri æfing. Málinu var vísað til landsliðsnefndar TSÍ

Rædd voru styrkjámál. M.a. annars styrkumsókn frá Kjartani. Gunnar lagði fram styrkumsókn frá Birki. Málið verður skoðað betur á næsta fundi.

Að lokum var rædd fjárhagsáætlun TSÍ. Skjöldur lýsti óánægju með hvernig þessu mál þróuðust á ársþinginu og sagði að stjórn TSÍ væri ekki bundin af þeirri áætlun sem Raj kynnti á þinginu. Stjórnin myndi fara betur í saumana á peningamálunum og taka ákvarðanir eftir eigin sannfæringu.

Skjöldur mun boða næsta fund. Væntanlega kl. 21.00 á þriðjudag 9. júní.

Gunnar Þór Finnbjörnsson 5. júní 2009